

Ed. 347. Frumvarp til laga [198. mál]

um breyting á lögum nr. 79 6. september 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982-83.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Af öllum bifreiðum og bifhjólum skal frá og með árinu 1983 greiða árlegt gjald, veggjald, sem skal renna óskipt til vegagerðar. Skal gjaldið nema 1,00 kr. af hverju kílógrammi eigin þyngdar bifreiðar.

Veggjald samkvæmt 1. mgr. skal vera grunntaxti. Ráðherra er heimilt að hækka gjaldið í réttu hlutfalli við hækkun á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 93 31. desember 1975. Grunntaxti veggjalds er miðaður við vísitölu 1. janúar 1983, þ. e. 1482 stig.

2. gr.

1., 2. og 3. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Gjalddagi gjalds samkvæmt 2. gr. og þungaskatts samkvæmt a- og b-lið 5. gr. er 1. janúar árlega en eindagi 1. apríl og skulu gjöldin innheimt fyrir hvert ár þar sem bifreið er skráð í ársbyrjun, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 7. gr. Gjaldskyldan telst frá afhendingu

skráningarmerkis ef um nýskráða bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar það ár sem gjöldin eru greidd. Gjöldin teljast fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Gjöldin skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Lækka skal eða endurgreiða gjöldin að rétttri tiltölu hafi gjaldskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfellt.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Innheimtu bensíngjalds, veggjalds og þungaskatts annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem ráðherra skipar fyrir. Bensíngjald skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

4. gr.

10. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 78/1977, orðist svo:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greitt hafi verið af henni allt það veggjald og allur sá þungaskattur sem gjaldfallið er á skoðunardegi. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrir en færðar hafa verið sönnur á greiðslu gjaldanna.

Skráning eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema veggjald skv. 2. gr. eða þungaskattur af bifreiðinni skv. a- og b-lið 5. gr. sé greiddur til næsta gjalddaga, en til umskráningardags sé um að ræða þungaskatt samkvæmt öikumæli.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar eða gjöld af henni ekki greidd á gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, stöðva bifreiðina hvar sem hún hittist, og taka skráningarmerki hennar til geymslu, sbr. 1. mgr.

Sé veggjald eða þungaskattur ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Veggjald, þungaskattur, dagsektir og viðurlög hafa lögtaksrétt. Skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1983 skal gjalddagi veggjalds vera 1. apríl og eindagi 1. maí.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekið verði upp árlegt gjald — veggjald — eftir þyngd bifreiða. Gjald þetta verði lagt á allar bifreiðar.

Í álit og niðurstöðum starfshóps um fjáröflun til vegaf framkvæmda, sem birt var í nóvember 1981, var lagt til að innflutningsgjald af bifreiðum yrði lækkað, en í þess stað tekið upp gjald það er hér um ræðir.

Í röksemdum starfshópsins fyrir þessu nýju gjaldi kom m. a. fram, að með því er skattlagningin færð frá bifreiðakaupum yfir á eignarhald bifreiða og ætti það að auðvelda almenningi kaup og endurnýjun bifreiða.

Með þessari tilfærslu eru gjöld bifreiðaeiganda jafnframt færð frá ríkissjóði í vegasjóð og því til framkvæmda á sviði vegamála. Einnig benti starfshópurinn á, að með því að tengja þetta gjald þyngd bifreiða samrýmdist þessi tillaga orkusparnaðarsjónarmiðum.

Fjármálaráðherra hefur að hluta til tekið mið af þessum tillögum starfshópsins, fyrst með því að lækka innflutningsgjald af litlum og sparneytnum bifreiðum og síðar með því að gera grundvallarbreytingu á gjaldstofni, sbr. reglugerð nr. 255/1982 um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum, og reglugerð nr. 466/1982 um breytingu á þeirri reglugerð.

Áætlað er að með þessari breytingu á innflutningsgjaldinu dragi úr útgjöldum bifreiðaeigenda um 120 millj. kr. á ári (verðlag 1983). Er þá miðað við 8 000 bíla innflutning.

Síðast liðin fjögur ár hefur innflutningur bíla verið eins og hér segir:

1979:	7 500
1980:	8 900
1981:	10 400
1982:	11 500
Meðaltal:	9 500

Lækkun innflutningsgjaldsins samsvarar nokkurn veginn þeim tekjuauka sem áætlað er að hið nýja gjald gefi. Fjármagn, sem fæst með þessari gjaldtöku, yrði notað til að efla að mun lagningu bundins slitlags á næstu árum. Þá er með frumvarpi þessu lagt til að gúmmígjald, sem lagt er á innflutta hjólbarða, verði fellt niður. Er það gert á þeim forsendum að ekki sé rétt að leggja háa sérskatta á rekstrarvöru sem hefur mikil áhrif á umferðaröryggi.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í 2. gr. gildandi laga um fjáröflun til vegagerðar er kveðið á um innheimtu gúmmígjalds sem er 45 aurar af hverju kílógrammi. Í frumvarpi þessu er lagt til að gúmmígjald verði fellt niður en þess í stað kveðið á um greiðslu árlegs veggjalds er skuli vera ein króna af hverju kílógrammi eigin þyngdar bifreiðar. Gjaldið skal innheimt af öllum bifreiðum og bifhjólum óháð því hvaða eldsneyti er notað. Þá verði heimilt að hækka gjaldið í samræmi við verðþróun á sama hátt og bensingjald og þungaskatt.

Um 2. — 4. gr.

Hér er um að ræða breytingar á gjalddaga, innheimtu- og lögverndar- og viðurlaga-ákvæðum gildandi laga til samræmis við hina nýju gjaldtöku skv. 1. gr. og þarfnast greinar þessar því ekki nánari skýringa.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Vegna þess hve frumvarp þetta er síðbúið þykir ekki verða hjá því komist að hafa gjalddaga á þessu ári hinn 1. apríl og eindaga 1. maí.